

runnin. En hvorug þessi ástæða er talin góð og gild af þeim, sem halda fram að allir mannflokkarnir séu skyldir. Mál flokka, sem hafa flest eða öll sömu lískamlegu einkennin, eru stundum eins ólík og mál þeirra, sem eru hver öðrum mjög ólíkir hvað lískamleg ein-kenni snertir. Þannig skiftast mál Indíána flokkanna, sem bygðu Norður-Ameríku á undan hvítum mönnum, í fjölda marga málstofna; en að öðru leyti voru flokkarnir allir mjög líkir. Þetta sýnir, að þó að málin verði ekki rakin til sömu rótar, eru mannflokkarnir, sem þau tala, ekki að sjálfsögðu óskildir. Skoðuninni um mismunandi uppruna fylgja miklu færri nú en gjörðu fyrir nokkrum áratugum.

Ein helzta sönnunin fyrir því, að mannkynið alt eigi sameigin-legan uppruna er það talið, að kynblöndun á sér stað milli allra mannflokka. Kynblöndun hefir átt sér stað afarlengi og hefir farið vaxandi á síðari tínum; svo að nú á tínum eru engir hreinir og óþlandaðir mannflokkar til, að undanteknum fáeinum smáflokkum á útkjálkum heimsins. Ef flokkarnir væru að uppruna til óskyldir, yrðu afkomendur kynblöndunarinnar ófrjóir með tímanum, sam-kvæmt skoðunum vísindamannanna.

En hvaðan er þá mannkynið upprunnið, hvar var vagga þess í öndverðu? Um það hafa verið margar tilgáttur gjörðar. Því nær öll meginlönd heimsins hafa af einhverjum verið skoðuð vagga mannkynsins. Jafnvel norðurheimskautslöndin, sem nú eru þakin snjó og ís, hafa fengið þann heiður; og ein tilgátan er, að fyrsti mannabústaður hafi verið í suður hluta Svíþjóðar. En á síðari tínum hafa fleiri fallist á þá skoðun, að elzta ættland mannkynsins sé sunnan til í Austur-Ásiu, þar sem nú er Malakkaskaginn og eyjarnar, sem liggja suður af honum. Þaðan á svo mannkynið að hafa útbreiðst um alla jörðina.

Þessi skoðun styðst mest við það, að árið 1892 fundust á eynni Java steinrunninn bein, sem vísindamenn álita að séu leifar af beinagrind úr manni. Beinin, sem fundust, eru: lærleggur, tveir jaxlar og nokkur hluti hauskúpunnar. Eftir lögum legsins að dæma, hefir maður sá, sem hann er úr, gengið uppréttur; og hauskúpubrotið sýnir, að stærð heilabúsins hefir verið um 1,000 tenings sentimetrar, sem er hér um bil mitt á milli hæstu apategundanna, gorilla og orangutan, og hvíta mannflokkins. Þessi forsaðir mannkynsins (*pithecanthropus erectus*, hinn upprétti apamaður, eins og